

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Elsu Láru Arnardóttur
um heilbrigðisstofnanir á Vestfjörðum.

1. *Hvernig á 39,3 millj. kr. framlag sem á samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2014 að renna til heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum að skiptast á milli heilbrigðisþjónustu á Patreksfirði og heilbrigðisþjónustu á Ísafirði?*

Við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 var samþykkt á Alþingi 30 millj. kr. viðbótarfjárveiting til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar í samræmi við forgangsröðun í þágu heilbrigðisþjónustunnar og til undirbúnings sameiningar stofnana. Fjárveitingunni verður skipt á þjónustusvæði þegar sameining heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæminu liggur fyrir.

2. *Eru áform um sameiningu heilbrigðisstofnananna ástæða þess að í fjárlögum fyrir árið 2014 hefur fjárlagaliðurinn 08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði verið felldur brott og öll fjárveitingin til heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum, 1.553,7 millj. kr., færð á fjárlagaliðinn 08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða?*

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2014 er greint frá fyrirhugaðri sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi, Suðurlandi og Vestfjörðum í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu. Markmiðið með sameiningu er að auka möguleika á samstarfi og samnýtingu, kennslu heilbrigðisstétta og öflugri og stöðugri mönnun ásamt því að skapa sterkari rekstrar- og stjórnunareiningar. Við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga voru fjárveitingar Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði millifærðar á fjárlagaliðinn 08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

3. *Hefur ráðherra haft samráð við heimamenn og sveitarstjórnir í Vesturbyggð vegna fyrirhugaðrar sameiningar? Ef ekki, hvenær stendur það til?*

Ráðherra heimsótti Heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði 15. nóvember sl. og sat fundi með starfsfólki stofnunarinnar þar sem m.a. voru rædd áform um sameiningu heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmi Vestfjarða. Sama dag átti hann fund með sveitarstjórnnum á svæðinu um áformaða sameiningu.

4. *Verður heimamönnum í Vesturbyggð boðið að koma að undirbúningi sameiningarinnar og stefnumótun reksturs heilbrigðisþjónustu á Patreksfirði og að hafa áhrif á niðurstöður þeirrar vinnu?*

Við áframhaldandi undirbúning sameiningarinnar verður haft samráð við heimamenn, jafnt starfsmenn sem sveitarstjórnarmenn. Að mati ráðherra er einnig mikilvægt að samráð haldi áfram að sameiningu lokinni.

5. *Hver er skoðun ráðherra á því sem nefnt hefur verið í tengslum við umrædd sameiningaráform, að þörf sé á að breyta lögum til að tryggja aðkomu fulltrúa samfélagsins, t.d. sveitarfélaga, að stefnumótun og stjórn viðkomandi stofnana?*

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eru ekki stjórnir yfir heilbrigðisstofnunum. Hins vegar er til skoðunar í ráðuneytinu hvernig unnt er að koma á meiri tengslum heilbrigðisstofnana og þeirra svæða sem þeim er ætlað að þjóna. Engin ákvörðun hefur verið tekin um á hvaða formi slíkum tengslum yrði best fyrir komið. Því hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvort ástæða sé til að leggja fram tillögur til Alþingis um breytingar á heilbrigðislögum í þessa veru.